

Nd.

49. Frumvarp til laga

[35. mál]

um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga hærrí en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 29. ágúst 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að setja bráðabirgðalög um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

Með bráðabirgðalögum nr. 71, dags. 19. júlí s. l., var vísitala sú, er kaupgjald skyldi greitt eftir, hækkuð um 3 stig í 112, með því að ekki var talið sanngjarnt, að ákvæði laga nr. 56/1950 um breytingu á lögum nr. 39/1943 um húsaleigu, hefðu áhrif á útreikning framfærsluvísitölnunnar nema að litlu leyti, vegna þess að lögin voru þá nýlega sett og lítið komin til framkvæmda.

Við nánari athugun málsins og með tilliti til rannsóknar á raunverulegri húsaleigu í húsum byggðum eftir 1945, sem sýnir, að yfirleitt hefur húsaleiga enn ekki lækkað, telur ríkisstjórnin sanngjarnt, að áður nefnd lög um húsaleigu hafi ekki áhrif á útreikning húsaleiguliðs framfærsluvísitölnunnar og enn fremur að húsnaðisliður hennar skuli ákvarðaður í samræmi við rannsóknir, er kauplagsnefnd lætur gera.

Þess vegna þykir rétt að setja lög um, að hámarksákvæði laga nr. 56 1950 um húsaleigu, skuli ekki hafa áhrif á útreikning framfærsluvísitölnunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga hærri en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

Gjört í Reykjavík, 29. ágúst 1950.

Sveinn Björnsson.

Björn Ólafsson.